

Aðalfundur Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. (UTU) 2023 haldinn í Félagsheimilinu Aratungu 11. október

Fundinn sátu:

Stjórn UTU: Haraldur Þór Jónsson, formaður, Björn Kristinn Pálmarsson, varaformaður og meðstjórnendurnir Ísleifur Jónasson, Helgi Kjartansson, Jón Bjarnason og Walter Fannar Kristjánsson.

Starfsmenn UTU: Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri, Davíð Sigurðsson byggingarfulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson skipulagsfulltrúi.

Aðrir fundarmenn: Ása Valdís Árnadóttir oddviti Grímsnes- og Grafningshreppar og Árni Eiríksson oddviti Flóahrepps.

Fundargerð ritaði: Nanna Jónsdóttir

Dagskrá:

1. Ársskýrsla UTU 2022
2. Ársreikningur UTU 2022
3. Fjárhagsáætlun UTU 2024
4. Önnur mál

Haraldur Þór Jónsson, formaður UTU setti fund, bauð fundarmenn velkomna og upplýsti um að ekki væri mögulegt að fara yfir fjárhagsáætlun UTU bs. fyrir árið 2024 líkt og boðað hefði verið í útsendri dagskrá. Því næst fól Haraldur Nönnu skrifstofustjóra að hafa framsögu að öðru leyti skv. áður boðaðri dagskrá.

1. Ársskýrsla UTU 2022

Nanna kynnti ársskýrslu UTU fyrir árið 2022 og fór yfir helstu verkefni embættisins yfir árið ásamt Davíð og Vigfúsi. Ársskýrsluna setti Nanna saman í samstarfi við Davíð og Vigfús. Í skýrslunni er að finna tölulegar upplýsingar yfir helstu lykilþætti embættisins auk þess er gert grein fyrir rekstrinum að öðru leyti. Helstu verkefnum embættisins er skipt með eftirfarandi hætti í skýrslunni:

Stjórn

Starfsmannamál

Skipurit

Skrifstofan

Rekstur

Skráning mála

Skipulagsmál 2022

Skipulagsnefnd

Auglýsingar skipulagsáætlana

Grenndarkynningar

Lóðamál

Gildistaka skipulagsáætlana

Byggingarmál 2022

Almennt um byggingarsvið

Afgreiðslur byggingarfulltrúa

Talnaefni byggingarfulltrúa

Nanna þakkaði að lokum fyrir gott samstarf og í heildina litið gekk rekstur ársins vel, mála fjöldi var ívið minni en árinu á undan en samt sem áður í hæstu hæðum frá því að skráningar hófust rafrænt í málakerfi embættisins.

Almennar umræður voru um rekstur UTU.

2. Ársreikningur UTU 2022

Nanna fór yfir lykil tölur úr ársreikning embættisins fyrir árið 2022 undir dagskrárlið 1. Ársreikningurinn var undirritaður af stjórn þann 4. apríl 2023. Ársreikningurinn var unnin og endurskoðaður af PricewaterhouseCoopers.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 13:50